

Nd.

856. Frumvarp til laga

um embættisbústaði dómara.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara og hestaréttardómara, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa dómurum þessum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofur þeirra, skjalasafn o. s. frv., eftir því sem við á. Byggingarnar skal gera eftir teikningum, er ráðherra hefur samþykkt. Byggingum þessum skal haga í samræmi við húsnæðisþörf og aðstæður á hverjum stað, og skal vandað til staðarvals og byggingarlóða. Þar skal fyrst byggja, er þörfin er mest að dómi ráðherra.

Ráðherra getur ákveðið, að byggja megi embættisskrifstofur og íbúðarhús hvort í sínu lagi.

2. gr.

Nú verða héraðsdómaraskipti, og sá, er af störfum lætur, eða bú hans á hús, sem að dómi ráðherra er hæfur héraðsdómarabústaður, og skal þá ríkisstjórnin kaupa eignina, ef viðtakandi héraðsdómari óskar, enda fáist hún fyrir hæfilegt verð að dómi sérfróðra, óvilhallra manna.

3. gr.

Um viðhald embættisbústaðarins o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14 2. apríl 1946, um embættisbústaði héraðsdómara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkv. um frv. í heild eða einstök ákvæði þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan dómsmárh., og er það samhljóða lögum nr. 14 1946, um embættisbústaði héraðsdómara, að öðru leyti en því, að frumvarpið nær einnig til embættisbústaða hestaréttardómara og héraðsdómara í Reykjavík, sem nú eru borgardómari, borgarfégeti og sakadómari.